



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. desember 2005

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum 329. mál.


Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 12. þ. m., þar sem beðið er um umsögn Biskupsstofu vegna frumvarps til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum. 329. mál.

Frumvarp þetta var lagt fram af Kirkjuráði á Kirkjuþingi 2005 að undangengnum kynningum á öllum héraðsfundum landsins og samþykkti Kirkjuþing að beina þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðherra að flytja málið á Alþingi.

Kirkjuráð styður framgang frumvarpsins eindregið. Bent skal á að breyta þarf gildistökuákvæði frumvarpsins þannig að í stað "1. janúar 2006" komi: þegar í stað.

Kirkjuráð vekur athygli allsherjarnefndar á að kosningar til Kirkjuþings fara fram árið 2006. Undirbúningur þeirra þarf því að hefjast sem allra fyrst. Kirkjuráð leyfir sér því að beina þeim tilmælum til háttvirtrar allsherjarnefndar að flýta afgreiðslu málsins, svo sem henni er unnt.

Virðingarfyllst f.h. Kirkjuráðs


Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfr.
Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs

Alþingi
Erindi nr. P 132/715
komudagur 24.1.2006

Ályktun vegna tillögu um breytingu á prófastsdæmum:

Héraðsfundur Reykjavíkurprófastsdæmis eystra haldinn í Digraneskirkju 26. maí 2005 mótmælir eindregið þeim breytingum á prófastsdæmunum á höfuðborgarsvæðinu, sem lagðar eru til í tillögum kirkjubingsnefndar um skipan prófastsdæma í landinu.

Jafnframt minnir fundurinn á þær tillögur, sem starfshópur á vegum prófastsdæmisins lagði fram fyrir kirkjubing 2004 og telur að í þeim felist mun raunhæfari hugmyndir um skipan þessara mála.

Geinargerð varir héraðsfundar Reykjavíkurprófastsdæmis eystra 2005

Í greinargerð kirkjubingsnefndarinnar segir orðrétt: "Í tillögunni felst að öllum núverandi prófastsdæmum verði breytt, með það að markmiði að gera hvert þeirra að sem öflugastri starfseiningu, miðað við núverandi þjónustubörf og landfræðilegar aðstæður."

Að mati fundarins er þessari stefnu alls ekki fylgt í fyrirliggjandi tillögu hvað varðar prófastsdæmin á höfuðborgarsvæðinu.

Í tillögunni er t.d. lagt til, að tvær sóknir í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra verði fluttar í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, þ.e. Bústaðasókn og Grensásasókn. Þessar sóknir hafa lýst eindreginni andstöðu við þessar hugmyndir, enda er tillagan landfræðilega út í hött og vandséð hvernig Reykjavíkurprófastsdæmi vestra yrði öflugri starfseining eftir þá breytingu.

Þá gengur sumt það, sem lagt er til í téðri tillögu um mörk prófastsdæma svo þvert á alla skiptingu Reykjavíkur í borgarhluta, að það yrði kirkjustarfinu hreinlega til trafala ef farið væri eftir henni. Má þar nefna, að í tillögunni er gert ráð fyrir að mörk milli prófastsdæma liggi þvert gegnum skólahverfi í borginni. Auk þess telur fundurinn óæskilegt, að deila söfnuðum innan Reykjavíkur í þrjú prófastsdæmi eins og tillagan gerir ráð fyrir. Það flækir t.d. mál varðandi Samstarfsnefnd kirkjunnar og borgarstjórnar sem og Kirkjubyggingarsjóð Reykjavíkurborgar.

Einnig telur fundurinn það í fullkominni mótsögn við þau markmið, sem nefndin hefur sett sér sbr. ofangreinda tilvitnun, að leggja til að söfnuðirnir í Garðabæ og Hafnarfirði, séu í prófastsdæmi með Suðurnesjunum og Vestmannaeyjum, en ekki með nágrennasöfnuðum sínum á höfuðborgarsvæðinu.

Vekur það undrun fundarins, að ekki skuli hafa verið haft neitt samráð við héraðsnefnd eða fulltrúa safnaðanna í prófastsdæminu við þessa tillögugerð. Bera tillögurnar þess líka glögg merki, að þeir sem leggja þær fram hafi fremur takmarkaða þekkingu á kirkjustarfinu á þessu svæði og þeim hugmyndum um samstarf og svæðaskiptingu, sem hafa verið til skoðunar að undanfömu.

Prófastur: Borist hafa bréf frá sóknum í RPV, sóknarnefndum Áskirkju, Dómkirkju sem hafna þessum tillögum. Samhljóma slit eru frá fleiri aðalsafnaðarfundum. Samstarfsbópar í prófastsdæminu eru þegar fyrir hendi. Efla þarf þá og finna leiðir til frekara samstarfs. Ljúka þarf umræðum um þessar tillögur. Lagði prófastur fram eftirfarandi tillögu sem samþykkt hafði verið í héraðsnefnd:

“Héraðsfundur Reykjavíkurprófastsdæmis vestra haldinn í Bústaðakirkju 19. maí 2005 mótmaelir eindregið breytingum á prófastsdæminu sem lagðar eru til í tillögum kirkjubingsnefndar um skipan 10 prófastsdæma í landinu. Í tillögum nefndarinnar er lagt til að tvær sóknir í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra verði fluttar í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, þ.e. Bústaðasókn og

Grensássókn. Þessar sóknir hafa lýst eindreginni andstöðu við þessar hugmyndir, en það kom m.a. fram á aðalfundum safnaðanna.

Geinargerð

Í geinargerð nefndarinnar segir orðrétt: “Í tillögunni felst að öllum núverandi prófastsdæmum verði breytt, með það að markmiði að gera hvert þeirra að sem öflugastri starfseiningu, miðað við núverandi þjónustubörf og landfræðilegar aðstæður.”

Að mati héraðsfundar prófastsdæmisins er alls ekki farið eftir þessu markmiði í fyrirliggjandi tillögu hvað varðar Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Landfræðilega er tillagan út í hött og vandséð hvernig Reykjavíkurprófastsdæmi vestra yrði öflugri starfseining eftir breytinguna sem lögð er til.

Þá gengur það sem lagt er til í téðri tillögu um mörk prófastsdæma svo þvert á alla skiptingu Reykjavíkur í borgarhluta, að það yrði kirkjustarfinu hreinlega til trafala ef farið væri eftir henni. Má þar nefna, að í tillögunni er gert ráð fyrir að mörk milli prófastsdæma liggja þvert gegnum skólahverfi í borginni. Auk þess er fráleitt með öllu að deila söfnuðum innan Reykjavíkur í þrjú prófastsdæmi eins og tillagan gerir ráð fyrir. Það flækir t.d. mál varðandi Samstarfsnefnd kirkjunnar og borgarstjórnar sem og Kirkjubýggingarsjóð Reykjavíkurborgar.

Tekið skal fram, að við þessa tillögugerð var ekki haft neitt samráð við héraðsnefndina eða fulltrúa safnaðanna í prófastsdæminu.”

Fundarstjóri: Telur breytingu á prófastsdæmum algjörlega koma ofan frá án þess að grasrótin komi að málinu og geti þess vegna tekið sundur skólahverfi en það séu ótæk vinnubrögð. Svo virðist sem að undirliggjandi markmið sé að búa til svæði sem henti vel varðandi kosningar til kirkjubings.

Sr. Kristján: Kom á óvart hin mikla umræða. Ágætt að fundurinn skili tillögu (sem prófastur kynnti). Umfjöllun í sóknum og aðalsafnaðarfundum er góð en ekki nauðsynleg né þörf þar sem prófastsdæmi koma þeim ekki við. KB mun ekki knýja fram klofning eða óánægju í sóknum í RPV. Hugmyndin er ekki að valda óróa en kirkjan þarf að þróa þetta stig stjórnsýslu. KB segir að þegar menn hafni breytingum sé verið að kalla eftir stöðnum. Þakkar góðar ábendingar og hvatningu í þessu máli. Stöðug vinna að stramlínulaga starf kirkjunnar. Kallar eftir að fundurinn sendi nefndinni tillöguna sem prófastur bar upp.

Fundarstjóri: Bar tillögu prófasts undir fundinn. Fundurinn samþykkir tillöguna einróma, engin mótaskvæði og verður hún send (nefndinni og) kirkjubingi.

Samþykktir

Héraðsfundar Þingeyjarprófastsdæmis sem haldinn var á Húsavík 23. apríl 2005.

2. Um skipan prestakalla :

Héraðsfundur Þingeyjarprófastsdæmis, haldinn á Húsavík 23. apríl 2005, ályktar eftirfarandi með framkomna tillögu um að sameina

Þoufarhafnarprestakall og Skinnastöðvarprestakall í Þingeyjarprófastsdæmi.

1. Um sameiningu prófastsdæma :

þ.e. að þeir prestar þjóni á svæðinu frá Lónsa í Kelduhverfi að Þórshöfn á Langanesi, og telur að þannig verði Héraðsfundur Þingeyjarprófastsdæmis 2005 lýsir ánægju sinni með starfið í prófastsdæminu. Samstari héraðsnefndar, prófests, presta, sóknarnefnda og leikmanna gengur vel, lyngrei er virki og þanníka góð. Það er samhljóða álit þessakalla og Skinnastöðvarprestakalls og þess að þetta er þetta prestasemmi á allra að hér sé um að ræða mjög hentuga stærð á starfseiningu fyrir kirkjuna. Fundurinn furrar sig því á þeim hugmyndum að sameina prófastsdæmi, enda eru engin rök sem styðja sameiningu prófastsdæma í þeim gögnum sem fram fara komið um efnið.

Þetta verður að þessum ástæðum, þá verið aðeins um einu prest að ræða á öllu Ljóst hlýtur að vera að embætti prófesta myndi þvingjast verulega ef þau yrðu stækkið, en ekkert mæli gegn því að fara að tillögum nefndarinnar um hlutverk prófesta og vígslubiskupa, um vísitastur, heimsoknir og úttektir, um samfama og úrskurði og um ársreikninga sókna og árskýrslur presta án þess að fækka prófastsdæmum.

Fundurinn leggst því gegn sameiningu prófastsdæma. Af þeim tillögum sem fram voru lögð með málinu má þó telja það brynt verkefni að skilgreina betur verkaskiptingu milli vígslubiskupa og prófesta.

Eigi að koma til samningar síðar þarf að sýna með skýrari hætti fram á hágræðingu í starfsemi kirkjunnar og fjárhagslegan ávinning.

Tillagan var samþykkt einróma.



Alþingi
Erindi nr. P 132/712
komudagur 23.1.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Til allsherjarnefndar Alþingis

Reykjavík, 23. jan. 2006

Varðandi þingskjal nr. 361 – 329. mál vill stjórn Prestafélags Íslands vekja athygli á eftirfarandi bókun sem gerð var á fundi stjórnarinnar í nóvember sl.:

„Hugmyndir um breytingar á kosningu til Kirkjuþings hafa ekki verið kynntar sérstaklega á héraðsfundum eins og skilja má af skýrslu kirkjuþingsnefndar til Kirkjuþings 2005 um skipan prófastsdæma og kirkjuþingskosningar. Auk þess hefur ekki verið kallað eftir umsögnum héraðsfunda sem þó var óskað eftir í ályktun Kirkjuþings frá 2004.“

Það er því skoðun stjórnarinnar að það frumvarp sem hér um ræðir hafi ekki hlotið nægilega umfjöllun á vettvangi kirkjunnar.

Jafnframt varar stjórn Prestafélagsins við þeirri breytingu á orðalagi sem er að finna í 2. gr. frumvarpsins þar sem talað er um „vígða“ í stað „presta“ áður og telur að breytt orðalag feli í sér afdrífarika breytingu sem ekki hefur verið rædd til hlítar á vettvangi kirkjunnar.

Virðingarfyllst,


sr. Olafur Jóhannsson formaður PÍ

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/730
komudagur 30.1.2006

Nefndarsvið Alþingis
Alsherjarnefnd
c/o formaður Bjarni Benediktsson

Heimaey, 24. janúar 2006

Virðulega Alsherjarnefnd Alþingis

Í framhaldi af fundi mínum og framkvæmdarstjóra Kirkjuráðs, Guðmundar Þórs Guðmundssonar, sem við áttum með Alsherjarnefnd föstudaginn 19. janúar sl. leyfi ég mér að senda nefndinni skriflega umsögn og áréttu nokkur nauðsynleg atriði um málsmeðferð frumvarpsins um Stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar (nr. 78/1997) innan kirkjunnar.

Eins og ég rakti á fundi okkar með nefndinni, hefur frumvarpið hlotið alla þá kynningu innan Þjóðkirkjunnar sem nauðsynleg gat talist til að frumvarpið hlyti samþykki frá Kirkjuþingi 2005. Kirkjuþingið, sem er æðsta vald innan Þjóðkirkjunnar innan lögmætra marka, samþykkti frumvarpið með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Á fundi okkar með alsherjarnefnd gat ég þess einnig að enn á eðlilega eftir að setja starfsreglur frá Kirkjuþingi, sem byggja á væntanlegum breytingum á lögum (78/1997) um Stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, og hafa drög að þeim starfsreglum þegar verið send út til prófafa frá Kirkjuþingi 2005. Verða þau send til umfjöllunar og umsagnar á héraðsfundum landsins eins fljótt og kostur er að lokinni lagasetningu Alþingis og að því búnu búnar til samþykktar á auka Kirkjuþingi svo kosningar geti farið fram til næsta Kirkjuþings í vor.

Mér er kunnugt um að með umsögn hluta stjórnar Prestafélags Íslands hafi verið gefið í skyn að kynning hafi ekki verið nægjanleg meðal presta. Til áréttingar á fyrri málflutningi mínum rek ég ferlið innan kirkjunnar í helstu atriðum með bréfi þessu og fylgiskjölum til að varpa ljósi á staðreyndir um málsmeðferðina innan kirkjunnar.

Kirkjuþing 2004 kaus fimm manna nefnd til að fara m.a. yfir kosningar til Kirkjuþings og kynna hugmyndir, sem starf nefndarinnar kynni að leiða til. Frumvarp að breytingum á ofangreindum lögum var ein af veigameiri hugmyndum, sem starf nefndarinnar leiddi til.

Í samráði við Biskup Íslands og Kirkjuráð stóð þessi kirkjuþingsnefnd, undir formennsku minni, fyrir kynningu á frumvarpinu á eftirtöldum fundum og stofnunum Þjóðkirkjunnar:

Á Biskupafundi í janúar 2005.

Á árlegum Prófastafundi, sem haldinn var í byrjun mars 2005 í Neskirkju í Reykjavík.

Á héraðsfundi Skagafjarðarprófastsdæmis.
Á héraðsfundi Húnavatnsprófastsdæmis.
Á héraðsfundi Borgarfjarðarprófastsdæmis.
Á héraðsfundi Þingeyjarprófastsdæmis.
Á héraðsfundi Eyjafjarðarprófastsdæmis.
Á héraðsfundi Múlaprófastsdæmis
Á héraðsfundi Austfjarðarprófastsdæmis.
Á héraðsfundi Vestfjarðarprófastsdæmis.
Á héraðsfundi Snæfells- og Dalaprófastsdæmis.
Á héraðsfundi Reykjavíkurprófastsdæmis eystra.
Á héraðsfundi Reykjavíkurprófastsdæmis vestra.
Á héraðsfundi Árnesprófastsdæmis.
Á héraðsfundi Skaftafellsprófastsdæmis.
Á héraðsfundi Rangárvallaprófastsdæmis.
Á héraðsfundi Kjalarnessprófastsdæmis.
Á Prestastefnu Íslands 2005.

Í Kirkjuráði á fundi sem forsætisnefnd Kirkjubings sat einnig.

Á Biskupafundi að nýju í ágúst.

Einnig átti nefndin samráðsfund með stjórn Prófastafélagsins og annan samráðsfund með formanni Prestafélags Íslands.

Að lokinni þessari ítarlegu kynningu og umfjöllun ofangreindra aðila um tillögur nefndarinnar, þar sem einnig voru kynntar aðrar tengdar hugmyndir, sem nefndin vann að í samráði við Biskupafund og Kirkjuráð, tók Kirkjuráð frumvarpið til umfjöllunar og til flutnings á Kirkjubingi 2005 í samráði við kirkjumálaráðherra, Björn Bjarnason.

Á Biskupafundi sitja Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, vígslubiskup Skálholtsstiftis, sr. Sigurður Sigurðarson, og vígslubiskup Hólastiftis, sr. Jón Aðalsteinn Baldvinsson.

Á Prófastafundi sitja allir þjónandi prófastar Þjóðkirkjunnar. Biskup Íslands boðar til Prófastafundar og stýrir honum.

Í Kirkjuráði sitja, auk biskups Íslands, sem er formaður ex officio, tveir prestar og tveir leikmenn, kjörnir af Kirkjubingi.

Á héraðsfundi sitja allir þjónandi prestar í hverju prófastsdæmi, minnst tveir fulltrúar sóknarnefndarmanna úr hverri sókn í prófastsdæminu, starfsmenn og aðrir. Prófastur kallar héraðsfund saman ár hvert hið minnsta. Þess skal geta að á héraðsfundi koma saman fulltrúar þeirra sem kjósa til Kirkjubings, en það eru núna þjónandi prestar og sóknarnefndarfólk.

Á Prestastefnu Íslands, sem biskup Íslands boðar til, sitja allir þjónandi prestar og djáknar landsins. Þess skal geta að á Preststefnu Íslands eru ekki aðeins þjónandi prestar Þjóðkirkjunnar boðaðir, heldur og prestar og djáknar í Frikirkjunni í Reykjavík og í Hafnarfirði og prestur Óháða safnaðarins í Reykjavík.

Eftirfarandi texti er orðréttur kafli úr kynningu, sem flutt var á Prófastafundi og á héraðsfundum landsins. Úr textanum í kynningunni:

- - -

Markmið, aukið sjálfstæði

- Sjálfstæði kirkjunnar verði aukið með því að færa ákvarðanir um skipan prófastsdæma og kjördæma frá Alþingi til Kirkjubings
- Prófastsdæmi verði ekki lengur talin upp í lagagreinum, þar sem fjallað er um kirkjubingskosningar

- - -

Markmið, kjördæmi

- Prófastsdæmi samsvari kjördæmum til kirkjubings
- Fjölgað verði á kjörskrá til kirkjubings
 - Í kjördeild vígðra kjósi prestar og djáknar
 - Í kjördeild leikmanna kjósi sóknarnefndarfólk, aðal- og varamenn, og starfsmenn sókna í hálfu launuðu starfi hið minnsta
 - Leikmenn verði áfram fleiri en vígðir

Auk þessa orðréttu kafla úr kynningunni voru lögð fram ljósrituð drög að frumvarpinu á Prófastafundi, á héraðsfundunum og á Biskupafundi. Ítarleg gögn voru og send öllum próföstum og lögðu þeir þau ýmist fram á héraðsfundunum eða deildu þeim út meðal fundarmanna. Kirkjuráð gekk frá greinagerð að frumvarpinu og flutti það sem 11. mál Kirkjubings 2005 að höfðu samráði við kirkjumálaráðherra. Þau gögn Kirkjubings hafa verið öllum aðgengileg á vef Kirkjubings og einnig í prentuðum Gjörðum Kirkjubings. Ræður á Kirkjubingi eru einnig aðgengilegar á vefnum fyrir alla sem láta sig málið varða. Stjórnsýsluákvarðanir þessar eru afar gagnsæjar.

Af þessari samantekt má ljóst vera, að þótt frumvarpið sé ekki stórt að vöxtum, hefur það hlotið nauðsynlega umfjöllun, kynningu og afgreiðslu innan Þjóðkirkjunnar. Það er mat mitt, sem einnig kemur fram í skýrslu kirkjubingsnefndarinnar á Kirkjubingi 2005 (6. mál) og áréttað er í álit Kirkjubings að náð hafi verið til allra þeirra stjórnsýslulegra aðila, sem ætlast var til miðað við eðli málsins. Í stuttu máli sagt eru það fulltrúar allra kirkjusókna Þjóðkirkjunnar, prestar landsins (í lútherskum kirkjudeildum), djáknar, prófastar og biskupar.

Að gefnu tilefni taldi ég ástæðu til að áréttá þessi atriði og sendi hér meðfylgjandi afrit af þeirri skýrslu sem flutt var á Kirkjubingi 2005 (6. mál). Hún er að mestu samhljóða ítarlegu erindi, sem ég flutti fyrir hönd kirkjubingsnefndarinnar á Prestastefnunni að beiðni synodalnefndarinnar.

Þess er ekki að vænta að tillögur um breytingar innan kirkjunnar hljóti ætíð einróma samþykki. Sérstaklega á það við um tillögur að breytingum á lagamma Þjóðkirkjunnar. En hlutfall þeirra sem hafa verið á móti tillögunum hefur verið í þeim mæli, sem sést í samþykktum Kirkjubings. Þar var frumvarpið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Eins og ég gat um á fundi alsherjarnefndar Alþings 19. janúar sl. eru skoðanir talsvert meira skiptar um drögin að starfsreglum um Kirkjubing og kirkjubingskosningar. Það er málsmeðferð sem bíður umfjöllunar, umsagna og samþykka á sérstökum héraðsfundum og á því auka Kirkjubingi sem framundan er, verði frumvarpið að lögum. Það er talandi dæmi um það hvernig ákvarðanatáka flyst frá Alþingi til Kirkjubings um innri mál og skipulag Þjóðkirkjunnar. Það var í þeim anda, sem Alþingi setti lögin um Stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar árið 1997. Þau skref hafa verið Þjóðkirkjunni heilladrjúg og hefur sú lagasetning Alþingis og gjörðir Kirkjubings leitt af sér kirkjulega stofnun sem er sjálfstæðari en nokkru sinni síðan um siðbót. Með frumvarpinu, sem vissuleg er ekki mikið að vöxtum, er haldið áfram á þeirri braut og stefnt að markverðum áfanga. Kirkjubing hefur verið að styrkjast og það má einnig segja um aðra innviði í skipulagi Þjóðkirkjunnar. **Það er von mín að tekið verði undir þá niðurstöðu sem ofangreindir stjórnslulegir aðilar innan Þjóðkirkjunnar hafa fjallað um og Kirkjubing hefur samþykkt fyrir sitt leyti. Það er von mín að frumvarpið verði að lögum frá hinu háa Alþingi svo fljótt sem verða má í ljósi þeirra staðreynda um málsmeðferðina, sem ég hef rakið í þessari umsögn.**

Með virðingu og blessunaróskum,

Sr. Kristján Björnsson
sóknarprestur í Vestmannaeyjum,
kirkjubingsfulltrúi Kjalarnessprófastsdæmis,
formaður löggjafarnefndar Kirkjubings 2005 og
starfandi fulltrúi í lagahópi Kirkjuráðs

6. mál

Skýrsla kirkjuþingsnefndar um skipan prófastsdæma og kirkjuþingskosningar tii Kirkjuþings 2005

Virðulegi forseti, ágætu biskupar, heiðraða kirkjuþingsfólk!

Í skýrslu þessari geri ég kirkjuþingi 2005 grein fyrir störfum kirkjuþingsnefndar um skipan prófastsdæma og um kirkjuþingskosningar. Nefndin var kosin á kirkjuþingi 2004. Var það að tillögu löggjafarnefndar, sem hafði haft til umfjöllunar tillögu biskupafundar um breytta skipan prófastsdæma í landinu (11. mál), en auk þess kom fram á þinginu ítarleg tillaga starfshóps presta og leikmanna í Reykjavík, sem gerði ráð fyrir 10 prófastsdæmum en ekki 16 eins og eru í dag. Gerði sú tillaga einnig ráð fyrir skiptingu prófastadæma í tilgreind samstarfssvæði. Áður höfðu og komið fram tillögur á kirkjuþingi 2002 um breytingar á prófastsdæmunum á SV horninu, sem gerðu ráð fyrir fjórum prófastsdæmum þar sem nú eru þrjú, Reykjavíkurprófastsdæmin tvö og Kjalarnessprófastsdæmi. Á kirkjuþingi hefur verið talið nauðsynlegt að taka starfsreglur um kirkjuþing til endurskoðunar og kom það meðal annars fram í 8. máli, sem lagt var fyrir kirkjuþing 2004. Ákvað kirkjuþing að þessi tvö mál, um skipan prófastsdæma og um kirkjuþingskosningar, þyrftu nánari skoðunar við og skipaði þá nefnd, sem áður er getið, til að vinna að báðum þessum málaflokkum og fylgja eftir tillögum, sem starf nefndarinnar leiddi til. Einnig var mælt fyrir um samráð við biskupafund og kirkjuráð.

Kirkjuþing kaus fimm manns til að vinna þessa nefndarvinnu. Það eru sr. Kristján Björnsson, K. Hulda Guðmundsdóttir, sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson, Lárus Ægir Guðmundsson og sr. Lára G. Oddsdóttir. Auk þess hefur Jóhann E. Björnsson starfað með nefndinni til að virkja samráð við kirkjuráð. Nefndin hefur og notið starfskrafta Guðmundar Þórs Guðmundssonar, framkvæmdarstjóra kirkjuráðs. Náið samráð hefur verið haft við biskupafund og hafa fulltrúar nefndarinnar kynnt tillögurnar bæði fyrir biskupunum og á kirkjuráðsfundum, sem sameiginlegir hafa verið með forsætisnefnd kirkjuþings. Nefndin hefur fundað með stjórn Prófastafélags

Íslands og formanni Prestafélags Íslands. Hugmyndir nefndarinnar voru kynntar á prófastafundi í mars 2005 á því stigi sem þær voru þá. Þá var flutt ítarleg greinargerð á Prestastefnu Íslands 2005. Haldnir voru 12 nefndarfundir á þessum 12 mánuðum, sem nefndin starfaði milli þinga.

Kynning á héraðsfundum

Nefndin vann út frá áðurnefndum tillögum, sem biskupafundur lagði fyrir kirkjuþing 2004. Það var afráðið í samráði við biskupafund í janúar 2005, eftir að hugmyndir nefndarinnar voru farnar að skýrast, að nefndarmenn önnuðust kynningu á héraðsfundum landsins. Í þessari skýrslu er ekki ætlunin að fara yfir þá kynningu sem slíka, en hún fylgir hér með sem fylgiskjal. Eru það annars vegar efnispunktar í kynningarformi og hins vegar tafla yfir skiptingu landsins í 10 prófastsdæmi.

Á héraðsfundunum komu fram ýmsar ábendingar og athugasemdir, sem nefndin hefur unnið úr og flokkað, en auk þess beinar ályktanir héraðsfunda. Sú samantekt byggir á minnisatriðum, sem nefndarmenn söfnuðu saman jafnharðan og kynningin fór fram. Vilji og afstaða héraðsfunda 2005 er því nokkuð skýr, eins og fram kemur í afritum af fundargerðum allra héraðsfundanna og eru í gögnum þingsins. Nefndin hefur skilað skýrslu til biskupafundar og fylgir bréf það með, sem kirkjuþingsnefndin sendi biskupafundi. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja ekki til breytingar á prófastsdæmaskipaninni, en lætur biskupafundi það eftir að meta öll þau gögn, sem að framan greinir og send hafa verið til biskupanna. Þegar ákveðið var að standa að kynningu á héraðsfundunum var vonast til þess að fá fram álit á þeim hugmyndum, sem nefndin hefur verið að setja á blað og vinna með, en vinna síðan með þær hugmyndir áfram í ljósi þeirra viðbragða. Það er nauðsynlegt að áréttu að umfjöllun um skipan prófastsdæma fer fyrst og fremst fram á viðkomandi héraðsfundum. Nefndinni var ekki ætlað að fjalla um skipan prestakalla eða sókna, né heldur að leita eftir álitu aðalsafnaðarfunda á skipan prófastsdæma. Einnig er nauðsynlegt að minna á að ákvarðanir um skipan prófastsdæma eru teknar á kirkjuþingi, en biskupafundur býr tillögur um skipan prófastsdæma, prestakalla eða sókna til umfjöllunar á kirkjuþingi. Það skiptir miklu máli að allar breytingar, sem kunna að vera nauðsynlegar á skipulagi kirkjunnar séu jafnan vel kynntar og fjallað um þær á viðeigandi stöðum innan

kirkjunnar. Rétt er að taka það fram að markmið nefndarinnar var að kynna hugmyndir að breytingum og fá viðbrögð héraðsfundarmanna við þeim. Nefndin telur að það hafi verið gert og að kynningin, sem slík, hafi verið markviss og skýr og náð hafi verið til réttra aðila.

Það verður að segjast að þeim atriðum í hugmyndum nefndarinnar hvað varðaði landfræðilegar breytingar á prófastsdæmum var víðast hvar illa tekið. Á nokkrum héraðsfundanna var því beinlínis mótmælt að nokkur einasta breyting yrði gerð á mörkum prófastsdæmanna. Verður það að teljast umhugsunarvert. Sumstaðar voru þessi mótmæli mjög harðorð. Kom það og fyrir að samþykktar voru tillögur á héraðsfundum, sem samdar höfðu verið allnokkru áður en hugmyndir nefndarinnar voru kynntar og í einu tilfelli var gengið frá samþykkt á fundi presta prófastsdæmisins áður en héraðsfundur var haldinn. Í þessum tilfellum voru samþykktir ekki alltaf í samræmi við þær áherslur, sem fram komu í máli héraðsfundarmanna í umræðum um málið. Í fáeinum prófastsdæmum var tekið vel í hluta af hugmyndum um skipan prófastsdæma og viðbótartillögur komu fram varðandi skipanina, svo sem í Rangárvallaprófastsdæmi og hvað varðar Kópavog. Ýmsum öðrum hugmyndum, sem nefndin hefur verið að vinna með, var vel tekið. Eru þær raktar nánar hér síðar í skýrslunni. Nefndin þakkar allar ábendingar, sem fram hafa komið og munu þær nýtast áfram í vinnu að þessum málum í framtíðinni.

Ýmsar forsendur nefndarinnar

Í starfi sínu hefur nefndin kappkostað að taka mið af stefnumótun Þjóðkirkjunnar og ýmsum tillögum, sem hafa komið fram um skipan prófastsdæma áður, eins og komið er fram, en auk þess má nefna tillögu á prófastafundi 2003 í Skálholti, sem gerði ráð fyrir átta prófastsdæmum í landinu. Nefndin tók mið af stefnumótun Þjóðkirkjunnar varðandi stærð og umfang prófastsdæma og má segja að það hafi mótað tillögur nefndarinnar að verulegu marki. Þar er reyndar líka talað um að endurskoða beri prestakallaskipan og nýta beri samstarfsmöguleika milli sókna, prestakalla og innan prófastsdæma. Einnig leit nefndin til þróunar í samskiptum, samgöngum og búsetu landsmanna. Þá hefur nefndin að sjálfsögðu farið yfir sögu prófastsembættisins frá upphafi og sérstaklega var farið yfir þá þróun, sem orðið hefur

með stofnun héraðssjóða í núverandi mynd um 1980 og þróun á hlutverki héraðsnefnda og héraðsfunda á síðustu áratugum. Þessar breytingar allar hafa haft viðtæk áhrif á starf prófasta. Tillögur biskupafundarins á Kirkjubíingum 2004 gerðu ráð fyrir auknu umfangi stjórnsýslu prófasta og einnig er á það að líta að nokkur prófastsdæmi eru orðin mjög fjölmenn. Því var það óumflýjanlegt að hefja starf nefndarinnar á því að ræða ítarlega um hlutverk prófasta og um starfsemi prófastsdæma. Í því sambandi hefur verið fjallað um tilsjónarhlutverk prófasta, sem þann hluta af tilsjónarhlutverki biskups Íslands, sem ákveðið er að hann feli þeim. Inn í þá umræðu blandast umfjöllun um vísitasíur, innsetningar, úttektir og síðast en ekki síst sáttafærlið, sem mikið hefur mætt á innan kirkjunnar undanfarin ár. Gengið hefur verið út frá því verkstjórnarhlutverki, sem prófastur hefur á hendi í ýmsum málum meðal presta, djákna og sóknarnefndarfólks í umdæminu. Það var einnig forsenda í störfum nefndarinnar að prófastur gegndi áfram prestsþjónustu í sínu kalli með prófastsstörfum en nyti aðstoðar héraðsprests eða nágrannapresta.

(Leyfi ég mér að minna ég hér á upphaflegu ástæðuna fyrir stofnun þessara embætta eins og við sjáum þau í Kristnirétti Árna Þorlákssonar 1275, þegar prófastur birtist, sem umboðsmaður biskups er annast stjórnsýslustörf, sem biskup kemst ekki yfir sjálfur, en latneska orðið praepositus merkir umboðsmaður og er komið frá keisarahirðinni í Róm. Í kirkjuordinasíu Kristjáns III. (1537) breytist hlutverk prófastsins mikið og hann verður milliliður milli presta og biskups, en eftirlitshlutverk prófasts jókst eftir Harboe (1746) og þá koma til héraðsprestastefnur, gömlu stiftin eru lögð niður og landið verður eitt biskupsdæmi.)

Frumvarp að lögum

Þá er komið að öðru stóru verkefni nefndarinnar, en það var að skoða fyrirkomulag kirkjubíingskosninga og kjördæmaskipunar í landinu. Rákumst við þar eðlilega á takmarkanir í lögum um stöðu stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Þær felast í því að kirkjubíingum er ætlað að ákveða skipan prófastsdæma, rétt eins og skipan prestakalla og sókna, en samt eru prófastsdæmi talin upp í tveimur greinum laganna, eins og umdæmin voru við gildistöku þessara laga. Þær greinar laganna fjalla annars vegar um vígslubiskupsumdæmin og hins vegar um kjördæmi til

kirkjubings. Til að lagfæra þetta komst nefndin fljótlega að þeirri niðurstöðu að leggja til breytingar á 18. og 21. grein Þjóðkirkjulaganna, sem leysa málið til lengri tíma litið. Felast þær í því að ákvæði þessara greina verði einfölduð og efni þeirra verði á hendi kirkjunnar sjálfar. Ákvað nefndin því að leggja til að sjálfstæði kirkjunnar um þessi innri mál verði aukið. Það er í anda Þjóðkirkjulaganna og auk þess nauðsynlegt fyrir enn frekari þróun á skipulagi kirkjunnar, hvað varðar kjördæmi og skipan kirkjubings, sem er æðsta stjórnstig kirkjunnar. Þess vegna lagði kirkjubingsnefndin, í samráði við kirkjuráð, fram tillögu að frumvarpi að lögum, sem kirkjuráð hefur búið til flutnings á þessu kirkjubingi (11. mál). Hefur það verið unnið í góðu samráði við kirkjumálaráðherra.

Kjördæmi til kirkjubings og kjörgengi

Í tillögu biskupafundar (11. mál 2004) fólst að prófastsdæmi mynduðu kjördæmi til kirkjubings og kjördæmin yrðu þannig tíu í stað níu. Ljóst er af viðbrögðum héraðsfunda við hugmyndum um breytta skipan prófastsdæma að enn um sinn munu ýmist eitt, tvö eða þrjú prófastsdæmi mynda kjördæmi eins og verið hefur. Nefndin mælir með því að fulltrúum á kirkjubingi verði fjölgað og opnað verði fyrir frekari breytingar á kjördæmaskipan til framtíðar litið. Nefndin leggur eindregið til að í stað presta verði talað um vígða bæði í lögum og starfsreglum. Kirkjubing getur þannig ákveðið að í kjördeild vígðra verði þjónandi prestar og djáknar, eins og lagt er til með tillögu að starfsreglum um kirkjubing á þessu þingi. Nefndin leggur til að fjölgað verði á kjörskrá í kjördeild leikra, með því að taka inn varamenn í sóknamefndum og starfsmenn samkvæmt ákveðinni skilgreiningu. Lagt er til að leikmenn verði áfram fleiri en vígðir, eins og verið hefur síðan 1998. Þessar hugmyndir voru kynntar á héraðsfundum 2005. Í þessari skýrslu eru ekki raktar frekar þær röksemdarfærslur, sem liggja þessu til grundvallar en vísað til umfjöllunar um 15. mál Kirkjubings 2005.

Samstarfssvæði sókna og prestakalla

Á héraðsfundunum kynnti nefndin hugmynd um að skipulögð verði samstarfssvæði sókna og prestakalla innan allra prófastsdæma landsins. Þessari

hugmynd var yfirleitt vel tekið. Markmið hennar er að mæta fjölbreytilegri þjónustubörf, efla samvinnu sókna og prestakalla, nýta mannauð betur og beita fjárhagslegum burðum út fyrir sóknarmörk. Það er markmið þessarar hugmynda að efla og nýta betur sérhæfingu og sérþekkingu, sem prestar, sóknarnefndarfólk og starfsfólk kirkjunnar hefur yfir að búa, draga úr einangrun í starfi, efla þjónustu kirkjunnar á landinu öllu, nýta þekkingu og reynslu á markvissan hátt, og auka samvinnu um rekstur og reiknishald. Þess skal getið að samvinna hefur verið á nokkrum stöðum í nokkrum málaflokkum hjá sóknum um ýmsa þessa þætti, sem hér eru nefndir. Nefndin ákvað að leggja fram tillögu til þingsályktunar á kirkjuþingi 2005 til að vinna megi að þessum samstarfsmálum sem sérstöku þróunarverkefni til ákveðins tíma. Nefndin telur að þetta geti leitt til heillavænlegrar þróunar í starfi kirkjunnar, sem glæði kirkjulíf og kristni, auki gæði kirkjulegrar þjónustu og nýti krafta og þekkingu þeirra vel, sem gefa sig að þjónustunni. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um 12. mál Kirkjuþings 2005.

Sáttaferli í ágreiningsmálum

Eitt af þeim málum, sem nefndin hefur unnið að, varðar meðferð álitamála og sáttaferli. Leggur nefndin til að sáttaferlið verði betur skilgreint en verið hefur. Lagt er til að aðeins verði fjallað um álitamál og ágreiningsmál á einu stjórnstigi kirkjunnar í senn og að prófastur annist frumgreiningu í sáttaferli, veiti ráðgjöf, eins og verið hefur, og vinni að sáttum á þessu frumstigi á eins skömmum tíma og kostur er. Lagt er til að prófastur ljúki afskiptum sínum í öllum tilfellum með skriflegu áliti, sem feli í sér ábendingu eða úrskurð, eftir atvikum. Lagt er til að prófastur geti lagt til að biskup veiti áminningu ef málsatvik eru þess eðlis, en einnig að hann geti vísað málsaðilum til viðeigandi meðferðaraðila eða ráðgjafa, ef rökstutt tilefni er til þess. Leggur nefndin til að kirkjuþing feli kirkjuráði að útfæra það nánar og skila áliti eða tillögum um sáttaferli á Kirkjuþingi 2006.

Lokaorð

Það er mikið nauðsynjamál að kirkjan vinni að stöðugri endurskoðun á skipulagi sínu á ýmsum sviðum, en hér hefur aðeins verið fjallað um fáein atriði í innra

stjórnskipulagi kirkjunnar, sem nefndinni var falið að taka til skoðunar fyrir kirkjuþing 2005. Nefndarmenn hafa lagt áherslu á að halda sér við umfjöllunarefnið, sem nefndinni var falið að sinna. Það er ljóst að ekki verður fjallað um skipan prófastsdæma nema fjallað sé um leið um hlutverk prófaste og verkefni prófastsdæma. Það er mál nefndarinnar að hugmyndir að breyttri skipan prófastsdæma hafi liðið fyrir að ekki hefur verið farið í heildstæða úttekt á stöðu prófaste út frá þeim breytingum sem þó hafa verið gerðar á verkefnum þeirra undanfarin ár. Það hefur komið í ljós að áherslur á viðfangsefnum eru misjafnar eftir prófastsdæmum. Í samráði nefndarinnar við prófaste hefur það meðal annars komið fram að nokkra nauðsyn beri til að skýra það hlutverk, sem þeir hafa sem verkstjórar í prófastsdæmunum. Þar sem nefndinni var ekki falið það sérstaklega af kirkjuþingi 2004, varð að ráði að benda á nauðsyn þess að farið yrði af stað með endurskoðun á hlutverki prófaste í samráði við þá, en einnig um hlutverk vígslubiskupa að svo miklu leyti, sem það gæti skarast við hlutverk prófaste. Það er ekki óeðlilegt að staða þessara embættu og hlutverk séu í stöðugri skoðun, sérstaklega í ljósi þess að talsverðar breytingar hafa orðið í þessum eignum í Þjóðkirkjunni síðustu áratugi.

Það er einróma skoðun kirkjuþingsnefndarinnar að það yrði mikill ávinningur fyrir kirkjuna ef við gætum sameinast um að þróa hugmyndina um samstarfssvæði sókna og prestakalla, sem sérstakt verkefni, óháð því hvernig skipan prófastsdæma verður hverju sinni. Það er einnig mikil nauðsyn að fara yfir sáttferlið í heild sinni innan kirkjunnar og hefur nefndin fengið mikla hvatningu í þeim eignum. Ég hef það svo að lokaorðum skýrslunnar, að Þjóðkirkjan þarf stöðugt að vera tilbúin að skoða lög og starfsreglur sínar í þeirri von að það leiði til betri stjórnsýslu, öflugra kirkjustarfs og markvissari beitingu starfskraftanna í þágu boðunar og þjónustu. Framlag nefndarinnar í samráði við fjölmarga aðila og í öllu starfi hennar síðan á síðasta kirkjuþingi verður vonandi metið í ljósi þess að við erum að þjóna í kirkju siðbótarinnar, þar sem hið ytra skipulag á í öllum atriðum að þjóna inntaki fagnaðarerindisins um Jesú Krist, en einnig í ljósi þess að kirkjan er lifandi samfélag kristinna manna og lýðræðislega virk sem stofnun.

Fylgiskjöl: Efnispunktur kynningarinnar á héraðsfundum;

Skjalið 10 – prófastsdæmi; Bréf til biskupafundar; Fundargerðir héraðsfunda 2005